

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – febrúar 2024

Skráð atvinnuleysi í febrúar var 3,9%

Skráð atvinnuleysi í febrúar var 3,9% og hækkaði úr 3,8% frá janúar. Í febrúar 2023 var atvinnuleysið hins vegar 3,7%.

Að meðaltali voru 7.589 atvinnulausir í febrúar, 4.387 karlar og 3.202 konur. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 249 frá janúar.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í febrúar eða 6,9% og hækkaði úr 6,7% frá janúar.

Minnst var atvinnuleysi á Norðurlandi vestra eða 1,7% og á Austurlandi 2,8%.

Alls komu inn 330 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í febrúar.


Atvinnulausir voru 7.951 í lok febrúar, 4.517 karlar og 3.434 konur.

Í febrúar voru 113 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og níu einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk.

Í febrúar 2024 gaf Vinnumálastofnun út 322 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 250 á höfuðborgarsvæðinu.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi breytist lítið í mars og verði á bilinu 3,7% til 3,9%.

Þróun atvinnuleysis frá febrúar 2022 til febrúar 2024




Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi hækkaði á flestum stöðum á landinu frá janúar nema á Norðurlandi eystra og á Norðurlandi vestra þar sem það stóð í stað. Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í febrúar eða 6,9% og hækkaði úr 6,7% frá janúar. Næst mest var atvinnuleysið 3,8% á höfuðborgarsvæðinu í febrúar. Atvinnuleysi var 4,0% á landsbyggðinni í febrúar.

Minnst var atvinnuleysi á Norðurlandi vestra eða 1,7% og á Austurlandi 2,8%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í janúar og febrúar.


Atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi var lægra meðal karla en kvenna á fjórum svæðum á landinu í febrúar, það er á Suðurlandi þar sem atvinnuleysi karla var 3,7% og 4,0% meðal kvenna, á Austurlandi þar sem atvinnuleysi karla var 2,7% og 3,0% meðal kvenna, á Suðurnesjum þar sem atvinnuleysi karla var 6,6% og 7,4% meðal kvenna og á Vesturlandi þar sem atvinnuleysi karla var 2,9% og 3,1% meðal kvenna.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í febrúar.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Greining þeirra sem voru atvinnulaus í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 7.951 í lok febrúar, 4.517 karlar og 3.434 konur. Fjölgaði atvinnulausum körlum um 86 frá janúarlokum en atvinnulausum konum fjölgaði um 107.

Alls voru 872 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok febrúar og fjölgaði um 47 frá janúar.

Alls höfðu 1.242 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok febrúar 2024 og fjölgaði um 47 frá janúar. Í febrúar 2023 var fjöldi þeirra hins vegar 1.724 og nemur fækkunin 482 á milli ára.

Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru hins vegar 1.653 í febrúar síðastliðnum en voru 1.393 í febrúar 2023.



Atvinnugreinar

Atvinnulausum fjölgaði í flestum atvinnugreinum í febrúar, mest var fjölgunin í verslun og vöruflutningum, byggingariðnaði og veitingaþjónustu.

Atvinnulausum fækkaði lítillega í lok febrúar í nokkrum atvinnugreinum, mest þó í gistiþjónustu.

Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.839 sem er um 42% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma Litháar, Rúmenar og Lettar.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara eftir þjóðerni í lok febrúar 2024



Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleyfur


Atvinnuleyfi

Í febrúar 2024 gaf Vinnumálastofnun út 322 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 250 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 148 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 174 leyfi voru framlengd.


Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í febrúar, hvort sem það var nýtt eða framlengt, fengu námsmannaleyfi eða 101 leyfi. Þá voru gefin út 82 leyfi vegna sérfræðipekkingar og 37 leyfi vegna skorts á vinnuafli. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í febrúar voru flest leyfi gefin út vegna starfa stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra eða 40%, 27% vegna vegna þjónustustarfa og 12% vegna sölu- og afgreiðslustarfa. Um 21% var í öðrum starfsgreinum.

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar


Alls var 4.331 erlendir atvinnuleitandi án atvinnu í lok febrúar og fjölgaði um 102 frá janúar. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var um 54% í lok febrúar.



Ný atvinnuleyfi eftir tegund í febrúar 2024



Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, febrúar 2024



Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 46 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í febrúar 2024 með samtals 331 starfsmann.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 481 í febrúar á vegum 19 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 45%, 17% frá Litháen og 14% frá Rúmeníu. Þeir sem eftir standa eða um 24% starfsmanna komu frá 14 öðrum ríkjum.

Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja


Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í febrúar 2024 voru gefin út 68 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 46 einstaklingar. Fjórir fóru til bæði Spánnar og Tékklands og þrír fóru til Danmerkur. Þá voru gefin út 11 vottorð til viðbótar til átta annarra ríkja.

Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun

Alls komu inn 330 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í febrúar. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða um 178 störf, önnur eru almenn störf eða Eures störf. Um það bil 49% starfanna eru á höfuðborgarsvæðinu, 15% á Norðurlandi eystra og 13% á Suðurnesjum. Þá eru 23% annarsstaðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í febrúar 2024



Þátttaka í vinnumarkaðsúræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í þjálfun og nýsköpun og fara af skrá í allt að sex mánuði á meðan á úrræðinu stendur. Í febrúar voru 113 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og níu einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk, flestir á höfuðborgarsvæðinu eða 81 einstaklingur.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölur út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum ítarlega brotið niður eftir bakgrunnspáttum.